




# Sanngjarnar kröfur

Hautþing SSA, haldið á Hallormsstað  
dagana 26. og 27. september 2024



# ÁLYKTUN HAUSTÞINGS SAMBANDS SVEITARFÉLAGA Á AUSTURLANDI 2024 - DRÖG

Á Austurlandi er samheldið og gott samfélag og þegar á reynir hafa íbúar landshlutans staðið saman sem ein heild. Um árabíl hafa verið rekin framsækin og alþjóðlega samkeppnishæf fyrirtæki í landshlutanum sem skapa miklar tekjur fyrir þjóðarbúið eða um fjórðung af heildarverðmæti vöruútflutnings. Horfur eru bjartar fyrir austan og uppbygging fyrir séð á öllum sviðum mannlífsins.

Í ljósi framangreinds samþykkir Haustþing SSA eftirfarandi ályktun:

- \* Haustþing SSA minnir á mikilvægi þess að geðheilbrigðismál á landsbyggðunum verði tekin mun alvarlegar en nú er gert og aðgengi barna og ungs fólks að sálfræði- og geðlæknisþjónustu stóreflt.
- \* Sökum fjarlægðar Austurlands við höfuðborgarsvæðið hafnar Haustþing SSA þeim landsbyggðarskatti sem settur var á íbúa með bílastæðagjaldi á Egilsstaðaflugvelli. Sú aðgerð hamlar enn frekar för Austfirðinga sem neyðast til að sækja sér sérhæfða heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu og aðra þjónustu á vegum ríkisins út fyrir landshlutann.
- \* Haustþing SSA leggur áherslu á að ríkisvaldið standi við fyrirheit um öruggt og greiðfært vegakerfi innan landshlutans og tengingar við aðra landshluta, sem og fjármögnun þeirra samgönguúrbóta sem brýnt er að hefjast handa við. Haustþing SSA leggur áherslu á að Alþingi afgreiði nýja samgönguáætlun hið fyrsta og að hafin verði vinna við næstu jarðgöng á Austurlandi. Eingöngu með hringtengingu samgangna verður fjölkjarnasamfélagið Austurland að einu atvinnu- og þjónustusvæði sem getur vaxið áfram á eigin forsendum og verðleikum.
- \* Haustþing SSA minnir stjórnvöld á að Austfirðingar hafa verið manna duglegastir að sameina sveitarfélög og hefur þeim fækkað um helming á tíu árum. Það er forgangsmál að styrkja tekjustofna sveitarfélaganna sem hafa tekið að sér mörg verkefni frá ríkinu á síðustu árum án fullnægjandi fjármagns. Fyrirhuguð gjaldheimta hins opinbera, t.a.m. af orkumannvirkjum, ferðaþjónustu, auknu fiskeldi og sjávarútvegi, verður að skila sér þangað sem verðmætasköpunin fer fram.
- \* Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að efla orkukerfið á Austurlandi og auka framboð af grænni orku til að mæta þörfum atvinnulífsins í landshlutanum sem of oft hefur mátt búa við ótrygga orku með afleiðingum sem vinna gegn stefnu og markmiðum stjórnvalda í orkuskiptum og loftslagsmálum.

Ekkert að ofanverðu eru ósanngjarnar kröfur. Austurland ætti ekki í neinum erfiðleikum með að framfleyta sjálfu sér ef fjárfestingar í innviðum væru í einhverju samræmi við þær tekjur sem það aflar fyrir íslenskt þjóðarbúið. Í þessu ljósi er það með ólíkindum að enn berjist Austfirðingar fyrir sjálfsögðum hlutum eins og öruggu vegakerfi, sanngjarnri hlutdeild af verðmætasköpun og góðu aðgengi að þjónustu sem íbúarnir hafa þegar greitt fyrir með sköttum sínum.

